

hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekju-tryggingar njóta, sbr. a.-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 1. gr. 1. nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi krónunnar, sem skráð er hér á landi við opnun banka þann 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag), skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð þar á eftir. Ákvörðun þessi gildir fyrst um sinn og uns annað kann að verða ákveðið, þó þannig að verði veruleg breyting á gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendri mynt, skal við tollafgreiðslu strax á eftir miðað við nýja gengið.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður, þegar gengi íslenskrar krónu er ekki skráð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. janúar 1979 og skal skráð sölugengi hinn 28. desember 1978 gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir janúar 1979.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1978.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla.

I. KAFLI

Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.